



24. janúar 2024


Regluverk og eftirlit hefur aukist mikið

Lög og regluverk um starfsemi iðnfyrirtækja hafa orðið meira íþyngjandi á síðustu árum samkvæmt könnun sem Maskína framkvæmdi fyrir Samtök iðnaðarins. Könnunin var lögð fyrir stjórnendur iðnfyrirtækja innan raða Samtaka iðnaðarins. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar segja 77% stjórnenda að lög, regluverk og eftirlit um starfsemi þeirra fyrirtækja hafi aukist á síðustu 10 árum. Ekki nema 2% segja að það hafi minnkað. Einnig kemur fram í könnuninni að mikilvægt sé að einfalda regluverk um rekstur iðnfyrirtækja. Samkvæmt niðurstöðunum segja 65% stjórnenda iðnfyrirtækja að það skipti miklu fyrir rekstur þeirra fyrirtækja að reglugerðarumhverfi verði einfaldað. Aðeins 14% segja það skipta litlu eða alls engu máli.




Við erum hluti af fjölþjóðlegu fyrirtæki og á mörgum sviðum eru hvergi gerðar jafn miklar kröfur og hérlandis.

Telur þú að lög og regluverk um starfsemi þíns fyrirtækis hafi aukist eða minnkað á síðustu 10 árum?




Hversu miklu eða litlu máli myndi það skipta fyrir rekstur þíns fyrirtækis ef reglugerðarumhverfi yrði einfaldað?




Í svari við opinni spurningu könnunarinnar segir stjórnanda iðnfyrirtækis „reglur eru óskýrar og allt tekur langan tíma - svör bæði sein og óskýr. Við erum hluti af fjölþjóðlegu fyrirtæki og á mörgum sviðum eru hvergi gerðar jafn miklar kröfur og hérlandis.“ Skýrt kemur fram í svörum stjórnenda í könnuninni að lög og

Telur þú að eftirlit með starfsemi þíns fyrirtækis hafi aukist eða minnkað á síðustu 10 árum?




Almennt séð finnst þér eftirlit vera mikið eða lítið íþyngjandi fyrir þitt fyrirtæki?




regluverk sé „orðið of íþyngjandi“, „of flókið“ og það þurfi að „einfalda“. Eftirlit hefur einnig aukist mikið með starfsemi iðnfyrirtækja síðustu árin. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar segja ríflega 61% stjórnenda iðnfyrirtækja að eftirlit með starfsemi þeirra fyrirtækis hafi aukist á síðustu 10 árum. Ekki nema 3% segja að það hafi minnkað. Einnig kemur fram að eftirlitið er íþyngjandi fyrir stóran hluta iðnfyrirtækja. 37% stjórnenda iðnfyrirtækja segja að eftirlitið sé mjög íþyngjandi.

Hversu miklu eða litlu máli myndi það skipta fyrir rekstur þíns fyrirtækis ef eftirlit yrði skilvirkara?



Hversu miklu eða litlu máli myndi það skipta fyrir rekstur þíns fyrirtækis ef kostnaður við eftirlit væri lægri?




Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar segja 53% stjórnenda iðnfyrirtækja að það skipti miklu máli ef eftirlit með þeirra fyrirtæki yrði skilvirkara. 22% segja að það skipti litlu eða engu máli. Einnig segja 50% stjórnenda iðnfyrirtækja að það skipti miklu máli að lækka kostnað við eftirlit en 27% segja að það skipti litlu eða engu máli. Í niðurstöðum könnunarinnar kemur fram að 31% stjórnenda iðnfyrirtækja segja að tveir eða fleiri eftirlitsaðilar hafi komið vegna úttektar á svipuðu eða sama verki.

Í svörum stjórnendanna við könnuninni kemur m.a. fram að opinbert eftirlit sé orðið of svifaseint. Þá segja stjórnendur: „Tímafrestit ekki virtir í málsmeðhöndlun. Leyfisveitingaferillinn þyngstur í vöfum. Gríðarlegur kostnaður legið í töfum vegna þessa hjá fyrirtækjum okkar á undanförunum árum. Enginn greinarmunur gerður á stórum eða litlum breytingum. Virðist allt enda í sömu skrifræðiskvörninni. Mikill ávinningur samfélagsins fólgin í einföldun regluverks og sér í lagi einföldun leyfisveitinga.“ Einnig kemur fram að eftirlitskerfið sé „flókið - alltof margir aðilar. Ferlar óskilvirkir. Innbyrðis togstreita er á milli stofnana og enginn fyrirsjáanleiki. Oft erfitt að átta sig á hvaða tilgangi og hverjum eftirlitið þjónar. Einnig er kostnaður gríðarlegur.“

Hefur það gerst á síðustu 3 árum að tveir eða fleiri eftirlitsaðilar hafi komið vegna úttektar á svipuðu eða sama verki?


Hér er átt við verk þar sem einn aðili hefði getað framkvæmt úttekt.



Eftirlitsstofnanir standa sig misjafnlega

Ljóst er af niðurstöðum könnunarinnar að opinberar eftirlitsstofnanir standa sig misjafnlega vel í sínu hlutverki. Þannig segja 43% að framkvæmd eftirlits hjá Skipulagsstofnun sé slæm og ekki nema nær 18% að hún sé góð. Svipuð staða er á Samkeppniseftirlitinu og Embætti byggingafulltrúa. Segja 37% að framkvæmd eftirlits hjá Samkeppniseftirlitinu sé slæm og ekki nema 19% að hún sé góð. Einnig segja 35% stjórnenda iðnfyrirtækja að framkvæmd eftirlits Embættis byggingafulltrúa sé slæm og 28% að hún sé góð. Fæstir telja að framkvæmd eftirlits Vinnueftirlitsins sé slæm eða 12%. 49% telja framkvæmdina góða.

Er framkvæmd eftirlits hjá eftirfarandi stofnun góð eða slæm að þínu mati?



Í svörum stjórnendanna kemur fram að það „þarf að endurskoða verulega starfsemi Samkeppniseftirlitsins. Rangar handahófskenndar geðþóttaákvæðanir gagnast engum.“ Í svörum kemur einnig fram að „þrátt fyrir að ótal sinnum hafi verið tilefni til að kæra málsmeðferð Samgöngustofu þá hefur einfalt hagsmunamat alltaf staðið í vegi fyrir því. Það er útilokað að vera í stríði við fólk sem hefur lífsviðurværi manns algjörlega í höndum sér.“

Í svörunum kemur fram að það þurfi að skapa „einfaldara og samhæfðara kerfi milli sveitarfélaga. Bæta þarf gagnsæi t.d. hvar mál standa og í hvaða ferli þau eru.“ Í þessu sambandi kemur fram í svörum stjórnenda að „starfsleyfi eru gefin út eftir geðþótta starfsfólks og kvaðir einnig. Sambærileg fyrirtæki eru ekki endilega látin hlýta sömu skilmálum.“



Það er útilokað að vera í stríði við fólk sem hefur lífsviðurværi manns algjörlega í höndum sér.

Fram kemur í svörum stjórnendanna að það „vantar öflugra eftirlit gagnvart þeim sem starfa réttindalausir til að efla iðnaðinn og gera mögulegt að byggja upp öflugri fyrirtæki í hinum ýmsu iðngreinum.“ Einnig kemur fram að „stórefla þarf eftirlit og hindranir fyrir ófaglærða að útboðum. Lögverndun iðngreina er forsenda heilbrigðrar samkeppni og fagmennsku í iðnaði.“

Könnunin var framkvæmd í desember 2023 af Maskínu.